

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982
og lög nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hlutafélaginu er enn fremur ætlað á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvæglegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971,
um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfa landverðir er annast þar eftirlit og fræðslu. Ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsheimildir landvarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.